

Er ég með fordóma?

Alþjóðlegur geðheilbrigðisdagur helgaður börnum og unglingum

GUDRÚN Katrín Þorbergsdóttir, forsetafrú, er verndari alþjóðlegs geðheilbrigðisdags, 10. október, sem í ár er helgaður börnum og unglingum. Fyrir ári heiðraði Guðrún Katrín geðsjúka með því að láta það vera sitt fyrsta opinbera embættisverk að ávarpa hátíðarsamkomu í ráðhúsinu í til efni af geðheilbrigðisdeginum. Fundurinn var fjölsóttur og ræða Guðrúnar Katrínar hvatti menn til dáða. Nú er hugur okkar allra með henni. Félagsmenn

Gedhjálpar senda henni innilegar óskir um skjótan og góðan bata.

Í ávarpi sínu ræddi Guðrún Katrín um þá þjóðarvakningu sem varð til þess að nánast útrýma berkclaveikinni um allt land fyrir mörgum árum. Þannig samstöðu þyrftu geðsjúkir á að halda, sagði hún. Þessi bjartsýni Guðrúnar Katrínar er einmitt það sem við þurfum á að halda nú. Sam-



Pétur Hauksson

staða hefur aldrei verið nauðsynlegri. Ekki bara vegna þess að á móti blæs. Nú er einmitt von. Nú eru meiri möguleikar en áður að ná árangri í baráttunni gegn fordómum, berjast gegn einangrun geðsjúkra og fyrir betri kjörum þeirra og bættri meðferð. Þetta á ekki síst við um þá sem dagurinn er helgaður, börn og unglinga sem þjást af geðrænum kvillum. Af hverjum fjórum börnum sem þurfa á þjónustu geðheilbrigðiskerfisins að

halda er aðeins eitt sem fær slíka aðstoð nú. Þessar tölur fást með því að bera okkur saman við nágrannalönd. Úrbætur í málum geðsjúkra barna og unglinga eru forgangsverkefni. Þjónusta hins opinbera á þessu sviði er sannarlega hægt að bæta á ýmsan hátt, fyrst og fremst með aukinni göngudeildarstarfsemi. Ég geri mér vonir um að hugmynd-

ir sem settar hafa verið fram um úrbætur geti orðið að raunveruleika í nánustu framtíð.

En það er ekki nóg að benda bara á hvað hið opinbera getur gert betur. Ýmislegt er í undirbúningi hjá Gedhjálpi. Fjölskyldulínan, hjálparsími aðstandenda, er eitt af því sem er á döfinni. Fræðsluáttak um geðheilbrigðismál fyrir skóla og foreldra er einnig í undirbúningi hjá félaginu.

Eigin fordómar og annara

Á síðasta geðheilbrigðisdegi komu nokkrar hetjur í ræðustól og sögðu frá sinni reynslu af eigin geðsjúkdómi. Þeir sögðu einnig að

Úrbætur í málum geðsjúkra barna og unglinga, segir Pétur

Hauksson er forgangsverkefni.

baráttan gegn fordómum byrjaði hjá manni sjálfum. Þar eru fordómarnir alltaf alvarlegastir. Þess vegna er svo brýnt að hafa alltaf í huga hvernig maður dæmir eða myndar sér skoðun á öðrum fyrirfram, án nauðsynlegrar þekkingar.

Það er sennilega besta leiðin til að draga úr fordómum.

Þeir sem eru með geðræn einkenni lýsa því oft hvernig viðhorf til þeirra breytast þegar einkennin koma fram. Þá er nærvera þeirra ekki lengur eftirsótt, þeir njóta ekki sama trausts, verða jafnvel varir við hræðslu annarra. Gæti það verið hræðsla við eigin tilfinningar? Alla vega leiðir þetta til útilokunar, bæði hins geðsjúka og e.t.v. eigin tilfinninga.

Framtíðarverkefni Gedhjálpar

Landssöfnun Gedhjálpar stendur nú yfir. Söfnunin hefur tekist vel, margir hafa styrkt félagið. Ég færi stuðningsmönnum hér með hinar bestu þakkar. Með aðstoð Stöðvar 2 og Bylgjunnar verður geisladiskur seldur um helgina. Listamennirnir gáfu vinnu sína og rennur allt söluverð disksins til félagsins. Tilgangur með söfnunum er að bæta úr húsnæðisvanda geðsjúkra með kaupum bæði á íbúðum og húsnæði fyrir starfsemi félagsins, sem nú fer fram í Hafnarbúðum, Tryggvagötu 9. Það húsnæði er í eigu ríkis, en 2 hæðir standa ónotaðar og húsið er til sölu. Gedhjálpi hefur hug á að eignast húsið til afnota fyrir geðsjúka.

Í húsinu er félagsmiðstöð og þar eru starfræktir sjálfshjálparhópar, fræðslustarf, matarfélag og fleira. Vinnustofa Gedhjálpar hefur einnig verið starfrækt í Hafnarbúðum og hefur reynst vel. Þegar verkefni eru

fyrir hendi eru margir til í að vinna þar eins og starfsorkan leyfir, og uppskera laun fyrir. Í undirbúningi er að koma af stað starfsmiðlun fyrir geðfatlaða sem kallast Klúbburinn Geysir. Störfum er miðlað á almennum vinnumarkaði en þetta fyrirkomulag hefur gefið góða raun víða erlendis og verið kennt við Fountain House.

Er líf eftir útskrift?

Nú fá 30 geðfatlaðir aðstoð Stuðningsþjónustu Gedhjálpar. 19 þeirra eru á sambýlum Gedhjálpar. 30 aðrir eru á biðlista og eru margir þeirra í brýnni þörf fyrir þjónustu-íbúð eða sambýlispláss. Félagið hefur hug á að reyna að útvega þessum einstaklingum húsnæði og stuðningsþjónustu. Hægt er að hafa íbúðir á einni hæð Hafnarbúða og hýsa margvíslega starfsemi á hinum tveimur hæðunum og í kjallaranum. Fjölbreytt starfsemi og þjónusta utan stofnana, í anda Gedhjálpar, er það sem félagsmenn vilja byggja upp.

Til að gera þessi áform að raunveruleika þarf samstillt áttak margra. Siðundur því saman og horfum bjartsýn til framtíðar, þannig getum við náð markmiðinu: Að draga úr fordómum og bæta hag geðsjúkra. Mætum í hátíðargönguna í dag og á tónleikana í Háskólabíói.

Höfundur er formaður Gedhjálpar.